



FJÖLMIÐLANEFND

Mennta- og menningarmálaráðherra
Lilja Dögg Alfreðsdóttir
Sölvhólsgrötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík 20. ágúst 2020
Mál nr. 2020-2188/ 01

Efni: Tillögur fjölmiðlanefndar vegna sérstaks rekstrarstuðnings við einkarekna fjölmiðla samkvæmt 9. gr. laga nr. 37/2020, sbr. reglugerð nr. 670/2020.

1.

Í 9. gr. laga nr. 37/2020, um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru, sem samþykkt voru á Alþingi 11. maí 2020, var mennta- og menningarmálaráðherra veitt heimild til að veita sérstakan rekstrarstuðning til einkarekna fjölmiðla. Fyrirkomulag sérstaks rekstrarstuðnings var útfært nánar í reglugerð nr. 670/2020 en samkvæmt henni tekur mennta- og menningarmálaráðherra ákvörðun um úthlutun hins sérstaka rekstrarstuðnings að fengnum tillögum fjölmiðlanefndar. Skal úthlutun fara fram eigi síðar en 1. september 2020.

Fjárveiting vegna hins sérstaka rekstrarstuðnings nemur 400 millj. kr. Við mat á umsóknum getur fjölmiðlanefnd aflað álits sérfróðra aðila um hvort skilyrði 5. og 6. gr. reglugerðarinnar séu uppfyllt og skal kostnaður við mat á umsóknum og annarri umsýslu greiddur úr ríkissjóði af fjárveitingu hins sérstaka rekstrarstuðnings. Kostnaður við umsýslu var 382.021 kr., vegna auglýsinga og vinnu löggilts endurskoðanda við að yfirfara umsóknareyðublöð og form fylgigagna áður en auglýst var og aðstoð við útreikning hins sérstaka rekstrarstuðnings.

Birtar voru auglýsingar í tveimur dagblöðum, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, og einnig í Lögbirtingablaðinu og á vef fjölmiðlanefndar. Þá aflaði fjölmiðlanefnd álits Svavars G. Stefánssonar, löggilts endurskoðanda hjá VSK ehf., við gerð umsóknareyðublaðs og varðandi það hvaða gögn ættu að fylgja umsókn, ásamt aðstoð við útreikning hins sérstaka rekstrarstuðnings.

Auglýsingar	
Lögbirtingablaðið	9.800 kr.
Morgunblaðið	104.257 kr.
Fréttablaðið	138.706 kr.
Aðstoð löggilts endurskoðanda	
Endurskoðun VSK ehf. – yfirferð umsóknareyðublaðs	70.308 kr.
Endurskoðun VSK ehf. – aðstoð við útreikning	58.950 kr.
Samtals kostnaður við umsýslu	382.021 kr.

Framangreindur kostnaður vegna umsýslu kemur til frádráttar því 400 millj. kr. framlagi sem ætlað er að fjármagna útgjöld vegna hins sérstaka rekstrarstuðnings. Til úthlutunar eru því alls **399.617.979 kr.**

2.

Fjölmiðlanefnd auglýsti eftir umsóknum einkarekinna fjölmiðla um sérstakan rekstrarstuðning með auglýsingum sem birtar voru í Morgunblaðinu, Fréttablaðinu, Lögbirtingablaðinu og á vef fjölmiðlanefndar þann 10. júlí 2020. Fram kom að umsóknir skyldu sendar fjölmiðlanefnd fyrir 7. ágúst 2020, í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 670/2020.

Óskað var eftir eftirfarandi upplýsingum og fylgigögnum:

1. Útfylltu og undirrituðu umsóknareyðublaði
2. Yfirliti yfir fjölda starfsmanna og launakostnað árið 2019
3. Staðfestingu löggilts endurskoðanda á upplýsingum um fjölda starfsmanna og launakostnað
4. Fylgigögnum um greiðslu opinberra gjalda skv. e-lið 5. gr. reglugerðar og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 37/2020
5. Afriti af innsendum ársreikningi fyrir árið 2019
6. Afriti af innsendum verktakamiðum vegna ársins 2019

Alls bárust umsóknir 26 aðila um sérstakan rekstrarstuðning þar sem samtals var sótt um 709.317.599 kr. miðað við stuðningshæfan kostnað. Þar af voru 25 umsóknir frá fjölmiðlaveitum og ein frá félagi sem ekki uppfyllti skilyrði þess að teljast fjölmiðlaveita í

skilningi laga um fjölmiðla. Alls uppfylltu 23 umsóknir frá fjölmiðlaveitum skilyrði reglugerðar 670/2020.

Föstudaginn 14. ágúst óskaði nefndin eftir frekari skýringum, leiðréttingum, viðbótargögnum og, eftir atvikum, frekari afmörkun umsóknar frá fjórtán fjölmiðlaveitum og skiluðu allar fjölmiðlaveiturnar umbeðnum og fullnægjandi gögnum mánudaginn 17. ágúst og þriðjudaginn 18. ágúst 2020.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 670/2020 skal hinn sérstaki rekstrarstuðningur vera að hámarki 25% af stuðningshæfum rekstrarkostnaði umsækjanda. Þegar búið var að yfirfara allar umsóknir var ljóst að heildarfjárhæð samþykktra umsókna um stuðningshæfan rekstrarkostnað var umfram fjárveitingar. Í tillögum fjölmiðlanefndar hefur fjárhæðin verið skert í jöfnum hlutföllum líkt og kveðið er á um í 4. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar. Þá var litið til þess að stuðningur til hvers umsækjanda gæti ekki orðið hærri en sem nemur 25% af þeirri fjárveitingu sem Alþingi hefur úthlutað. Tillögur fjölmiðlanefndar eru því framsettar samkvæmt þeirri aðferðafræði sem kveðið er á um í 7. gr. reglugerðarinnar þegar umsóknir um stuðningshæfan kostnað eru umfram fjárveitingar Alþingis.

Tillögur fjölmiðlanefndar að úthlutun hins sérstaka rekstrarstuðnings fara hér á eftir. Reikningsupplýsingar umsækjenda fylgja bréfi þessu, á fylgiskjali 1.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Einar Hugi Bjarnason

María Bjarnadóttir

Finnur Beck

Róbert H. Haraldsson

Tillögur fjölmiðlanefndar

Eftirfarandi 23 umsækjendur uppfylltu skilyrði reglugerðar nr. 670/2020 að mati fjölmiðlanefndar:

	Fjölmiðlaveita	Fjölmiðlar	Tegund fjölmiðils	Upphæð kr.
1.	Árvakur hf.	Morgunblaðið	Prentmiðill	99.904.495
		Mbl.is	Vefmiðill	
		K100	Hljóðmiðill	
2.	Ásprent Stíll ehf.	Vikublaðið	Prentmiðill	2.239.059
		Vikubladid.is	Vefmiðill	
3.	Birtíngur	Mannlíf	Prentmiðill	24.017.147
	útgáfufélag ehf.	Mannlif.is	Vefmiðill	
4.	Björt útgáfa ehf.	Hafnfirðingur	Prentmiðill	852.801
		Hafnfirdingur.is	Vefmiðill	
5.	Bændasamtök Íslands	Bændablaðið	Prentmiðill	9.277.877
		Bbl.is	Vefmiðill	
		Tímarit Bændablaðsins	Prentmiðill	
		Hlaðvarp Bændablaðsins	Hlaðvarp	
6.	Eyjasýn ehf.	Eyjafréttir	Prentmiðill	3.091.497
		Eyjafrrettir.is	Vefmiðill	
7.	Fröken ehf.	Reykjavík Grapevine	Prentmiðill	7.596.783
		Grapevine.is	Vefmiðill	
8.	Hönnunarhúsið ehf.	Fjarðarfréttir	Prentmiðill	1.124.341
		Fjardarfrettir.is	Vefmiðill	
9.	Kjarninn miðlar ehf.	Kjarninn	Vefmiðill	9.299.482
		Hlaðvarp Kjarnans	Hlaðvarp	
		Vísbending	Prentmiðill	
10.	Kópavogsblaðið slf.	Kópavogsblaðið	Prentmiðill	466.962
		Kopavogsbladid.is	Vefmiðill	

11.	MD Reykjavík ehf.	Iceland Review	Prentmiðill	5.997.042
		Icelandreview.is	Vefmiðill	
12.	Myllusetur ehf.	Fiskifréttir	Prentmiðill	20.225.397
		Fiskifrettir.is	Vefmiðill	
		Frjáls verslun	Prentmiðill	
		Viðskiptablaðið	Prentmiðill	
		Vidskiptabladid.is	Vefmiðill	
13.	N4 ehf.	N4	Myndmiðill	13.527.946
		N4 hlaðvarp	Hlaðvarp	
		N4.is	Vefmiðill	
14.	Prentmet Oddi ehf.	Dagskráin-fréttablað Suðurlands	Prentmiðill	1.916.079
		Dfs.is	Vefmiðill	
15.	Saganet ehf.	Útvarp Saga	Hljóðmiðill	5.250.398
		Utvarpsaga.is	Vefmiðill	
		Utvarpsaga.is	Hlaðvarp	
16.	Skessuhorn ehf	Skessuhorn	Prentmiðill	7.326.329
		Skessuhorn.is	Vefmiðill	
17.	Steinprent ehf.	Bæjarblaðið Jökull	Prentmiðill	1.683.126
18.	Sýn hf.	Stöð 2	Myndmiðill	91.118.336
		Bylgjan	Hljóðmiðill	
		Vísir	Vefmiðill	
19.	Torg ehf.	Fréttablaðið	Prentmiðill	64.754.052
		Frettabladid.is	Vefmiðill	
		Hringbraut	Myndmiðill	
		Hringbraut.is	Vefmiðill	
20.	Tunnan prentþjónusta ehf.	Hellan héraðsfréttablað	Prentmiðill	1.044.031
		DB-blaðið	Prentmiðill	
21.	Útgáfufélag	Austurglugginn	Prentmiðill	3.201.564
	Austurlands ehf.	Austurfrétt	Vefmiðill	

22.	Útgáfufélagið Stundin ehf.	Stundin	Prentmiðill	17.780.267
		Stundin.is	Vefmiðill	
23.	Víkurfrettir ehf.	Víkurfrettir	Prentmiðill	7.922.972
		Vf.is	Vefmiðill	
Samtals kr.				399.617.983

Eftirfarandi þrír umsækjendur eru ekki taldir uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 670/2020 að mati fjölmiðlanefndar: Eiðfaxi ehf., Frjáls fjölmiðlun ehf. og Úr vör ehf.

Eiðfaxi ehf.	Eiðfaxi	Prentmiðill
	Eidfaxi.is	Vefmiðill

Skýring: Fjölmiðillinn Eiðfaxi fjallar eingöngu um íslenska hestinn og hestamennsku og geta efnistöð ekki talist uppfylla skilyrði c-liðar 5. gr. reglugerðar nr. 670/2020 um almenn og fjölbreytt efnistöð með breiða skírskotun, sbr. 2. tölul. 3. gr. reglugerðarinnar.

Úr vör ehf.	Úr vör	Vefmiðill
-------------	--------	-----------

Skýring: Vefmiðillinn Úr vör fjallar um menningu, listir, nýsköpun og frumkvöðlastarf á landsbyggðinni og geta efnistöð hvorki talist uppfylla skilyrði c-liðar 5. gr. reglugerðar nr. 670/2020 um almenn og fjölbreytt efnistöð, sbr. 2. tölul. 3. gr. reglugerðarinnar, né skilyrði 6. gr. reglugerðarinnar um miðlun fréttar og fréttatengds efnis.

Frjáls fjölmiðlun ehf.	DV	Prentmiðill
	Dv.is	Vefmiðill
	Eyjan.is	Vefmiðill
	Pressan.is	Vefmiðill
	433.is	Vefmiðill
	Bleikt.is	Vefmiðill

Skýring: Frjáls fjölmiðlun ehf. sótti um sérstakan rekstrarstuðning vegna fjölmiðlanna DV, DV.is, Eyjan.is, Pressan.is, 433.is og Bleikt.is en hefur ekki starfrækt fyrrgreinda fjölmiðla frá 1. apríl 2020. Tilkynnt var um kaup Torgs ehf. á öllum eignum Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. þann 16. desember 2019, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2020 frá 14. maí 2020. Tók

Torg ehf. alfarið við rekstri fjölmiðla, sem áður voru í eigu Frjálsrar fjölmiðlunar ehf., þann 1. apríl 2020. Samkvæmt tilkynningu frá lögmanni Torgs ehf. til fjölmiðlanefndar, dags. 31. mars 2020, tók Torg ehf. einungis við rekstri fjölmiðlanna en ekki rekstri útgáfufélagsins Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. Í ljósi þess að engir fjölmiðlar voru þar með starfræktir lengur af hálfu Frjálsrar fjölmiðlunar ehf., í skilningi laga um fjölmiðla, var félagið fjarlægt af lista yfir fjölmiðlaveitur á vef fjölmiðlanefndar.

Til skýringar skal þess getið að skráningarskylda samkvæmt lögum um fjölmiðla tekur til skráningar *fjölmiðla* en ekki skráningar *fjölmiðlaveitna*, sbr. yfirskrift 14. gr. laganna, þar sem skráningarskyldan kemur fram, en ákvæðið ber yfirskriftina *Skráning fjölmiðla*. Þá tekur hugtakið *fjölmiðlaveita* til einstaklings eða lögaðila *sem starfrækir fjölmiðil*. Forsenda þess að einstaklingur eða lögaðili geti talist starfrækja fjölmiðil er að viðkomandi starfræki miðil sem miðli ritstýrðu efni með reglubundnum hætti til almennings, sbr. 13. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Einstaklingur eða lögaðili sem ekki starfrækir fjölmiðil getur ekki talist fjölmiðlaveita í skilningi laga um fjölmiðla.

Með vísan til framangreinds er það mat fjölmiðlanefndar að Frjáls fjölmiðlun hafi ekki verið fjölmiðlaveita í skilningi laga um fjölmiðla frá 1. apríl 2020 eða þegar lög nr. 37/2020 voru sett. Beri því að hafna umsókn fyrirtækisins þegar af þeim ástæðum.

Auk þess sem að framan greinir styðja lögskýringargögn og markmiðsákvæði reglugerðar nr. 670/2020 þá niðurstöðu að hafna beri umsókn Frjálsrar fjölmiðlunar, sbr. tilgang og markmið hins sérstaka rekstrarstuðnings. Í skýringum við 9. gr. laga nr. 37/2020 kemur fram að markmið lagaákvæðisins sé að greiða fyrir rekstri einkarekinna *fjölmiðla* hér á landi vegna þeirra tímabundnu rekstrarerfiðleika sem rekja megi til heimsfaraldurs kórónuveiru. Vísað er til þess að sterkir einkareknir fjölmiðlar séu sérstaklega mikilvægir á tímum sem þessum vegna þess hlutverks sem þeir gegni við að stuðla að upplýsingum og umræðu í samfélaginu, auk þess að veita stjórnvöldum aðhald og efla almannavarnir í þeirri víðtæku merkingu sem hugtakið hafi öðlast síðan faraldurinn hófst. Þá kemur fram í 2. gr. reglugerðar nr. 670/2020 að heimilt sé að veita einkareknum *fjölmiðlum* sérstakan rekstrarstuðning á árinu 2020 í ljósi þess víðtæka rekstrarvanda sem að þeim steðji vegna tekjufalls í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.

Af framangreindu má ljóst vera að hinn sérstaki rekstrarstuðningur skv. lögum nr. 37/2020 er ætlaður skráðum fjölmiðlum og jafnframt að hann er ætlaður fjölmiðlum með starfsemi á fjölmiðlamarkaði, í þeim skilningi að ritstýrðu efni sé miðlað með reglubundnum hætti til almennings.

Loks er vísað til þess að tilgangur og markmið hins sérstaka rekstrarstuðnings er að styðja við hið mikilvæga hlutverk sem einkareknir fjölmiðlar gegna við að miðla upplýsingum og stuðla að upplýstri umræðu í samfélaginu, veita stjórnvöldum aðhald og efla almannavarnir. Yrði rekstrarstuðningur veittur fyrirtækjum sem ekki starfrækja lengur fjölmiðla á fjölmiðlamarkaði yrði tilgangi þessum og markmiði ekki náð.

Þess skal getið að Torg ehf. sótti ekki um sérstakan rekstrarstuðning vegna fyrrgreindra fjölmiðla árið 2020.